

við frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Salome Þorkeldsdóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.

Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

- a) Ríkissjóður 57%.
- b) Ríkisútvarp 25%.
- c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%.

Efna má til samvinnu á viðskiptagrundvelli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir.

Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnun hafa mótast á undanförunum árum.

Semja má um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur.

Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáiast greitt af slíkum tekjum hennar.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hljómsveitarráð skal skipað sjö mönnum, og er einn tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, einn af Reykjavíkurborg, einn af Tónskáldafélagi Íslands, einn af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar og einn af Ríkisútvarpinu. Þá skal skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík eiga sæti í ráðinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar, og skal hann vera menntaður tónlistarmaður.

Menntamálaráðuneytið skipar hljómsveitarráð til fjögurra ára í senn og ákveður ráðsmönnum þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

Hljómsveitarráð fjallar um og leggur fullnaðarsamþykkt á starfs- og rekstraráætlanir hljómsveitarinnar.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Hljómsveitarráð ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn. Endurráðning er heimil.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar, undirbýr verkefnaval í samvinnu við aðalhljómsveitarstjóra, formann hljómsveitarráðs og aðra þá aðila sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og leggur starfs- og rekstraráætlanir fyrir

hljómsveitarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Áætlanir þessar skulu gerðar fyrir eitt ár í senn og liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Hljómsveitarráð ræður hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipar verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

Hljómsveitarráð ræður hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og að undangengnum prófum ef ástæða er til, í minnst 65 stöðugildi. Aðrir hljóðfæraleikarar eru ráðnir eftir því sem viðfangsefni krefjast og innan þeirra marka sem fjárfraðslög heimila.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

6. Við 7. gr. Greinin falli niður.

7. Við 8. gr. (sem verður 7. gr.). Í stað orðanna „fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga“ komi: fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.